

FRÉTTABRÉF



ÚTGÁFA NR 3 - september 2022



Social entrepreneurship for youth

Project aim

"Social Entrepreneurship for Youth" verkefnið snýst um stuðning við stofnun samfélagslegs rekstrar (social enterprises) með því að hvetja, upplýsa og kenna ungu fólki um mikilvægi samfélagslegrar nýsköpunar.

Þátttakendur deildu reynslu sinni af því að hefja slíkan rekstur.

Þjálfun í Litáen

Samfélagslegur rekstur er mikið í umræðunni í dag. Hluti af verkefninu var að standa fyrir alþjóðlegum þjálfunarbúðum fyrir unga samfélagsfrumkvöðla í Litáen dagana 30. maí til 5. júní 2022, til að deila reynslu sinni og afla sér þekkingar og ræða lagaumhverfi og stuðning við slíkan rekstur í sínum heimalöndum (Kýpur, Íslandi, Litáen, Grikklandi, Ítalíu og Norður-Makedóníu).

Stuðningur við aldraða

Einn hópurinn sem tók þátt í þjálfuninni hafði þróað samfélagslegt nýsköpunarverkefni um að aðstoða aldraða við daglegt líf. Hluti af því var að halda utan um ástand og liða fólks og þær áskoranir sem þeim mættu daglega. Aldraðir eru um 12% fólks í heiminum í dag og búist er við að þetta hlutfall verði 22% árið 2050, Þess vegna skiptir miklu máli að rannsaka og skilgreina viðeigandi úrræði fyrir hópinn til að geta þjónustað hann betur í framtíðinni.

ADHD hjá stúlkum / konum

Project Reference No: 2020-2-IS01-KA205-065841

Margar konur og stúlkur með ADHD hafa ekki verið greindar sem veldur því að þær hafa ekki aðgengi að nauðsynlegum meðferðarúrræðum og lyfjum.

Frumkvöðlarnir á bak við þessa hugynd þekkja þetta af eigin raun en þær skrifuðu barnabókina "Sara stelpa með ADHD". Þar er fjallað er um baráttu og sigra Söru við ADHD. Einnig eru þær að vinna upplýsingabækling fyrir foreldra og kennara sem vinna náið með börnum. Það að ADHD er sjaldan greint hjá stúlkum skapar fjölpætt vandamál sem birtast víða í samfélaginu og velferðarkerfinu og hafa umtalsverð áhrif á lífsgæði stúlkna og kvenna með ADHD. Það er mikilvægt fyrir þá sem vinna með þessum hópi að þekkja einkennin og geta gripið inn í og með því bætt lífsgæði þeirra stúlkna og kvenna sem þurfa að glíma við ADHD á hverjum degi.



SWAP

SWAP nýsköpunarhugmyndin byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins þar sem unnið er með endurnýtanleg ílát í neyslu á mat- og drykkjarvöru. Með SWAP getur fólk notið kaffibollans án þess að það verði til rusl og þannig stuðlað að hreinna samfélagi.

Hvernig er þetta hugsað? Þú greiðir lítið endurvinnslugjald af innkaupsverði til samstarfsfyrirtækja verkefnisins. Þessi greiðsla er nýtt til kaupa á endurnýtanlegu íláti (bolla eða box). Eftir að þú klárar drykkinn eða matinn þá getur þú skilað ílátinu og safnað punktum á appinu.

Í lok dags er notuðum ílátum safnað sama og komið á afhendingastöðvar þar sem þau eru þvegin og sótthreinsuð til að hægt sé að nota þau aftur.

Fyrir umhverfið þá getur verkefnið minnkað notkun á 5000 einota ílátum daglega. Árleg áhrif leiða til allt að 80 tonna minnkunar á notkun einota íláta.

Heimasíða:



www.socialentrepreneurshipforyouth.com



@SE4You



EINURÐ



ENOROSCONSULTING



PRISM
impresa sociale s.r.l.

